

**Ed.**

**193. Frumvarp**

til laga um sameign rikissjóðs og bæjarsjóðs Vestmannaeyja á Vestmannaeyjajörðum o. fl.

Flutningsm.: Karl Einarsson.

1. gr.

Vestmannaeyjar skulu vera að  $\frac{4}{10}$  — fjórum tiundu — eign rikissjóðs og að  $\frac{6}{10}$  — sex tiundu — eign bæjarsjóðs Vestmannaeyjakaupstaðar, gegn því endurgjaldi frá bæjarsjóði, sem tilgreint er í 2. gr.

2. gr.

Andvirði þess hluta, sem bæjarsjóður eignast af Vestmannaeyjajörðum samkvæmt 1. gr., skal ákveðið á þennan hátt: Atgjald allra jarða og lóða, hvort heldur er húslóð, verslunar- eða iðnaðarlóð, þurrabúðarlóð, lóð til

ræktunar túns eða matjurta, til þerrireits eða hvers annars, skal margfaldað með 25. — Útkoman margfölduð með  $\frac{6}{10}$  — sex tiundu — er kaupverð jarðanna og lóðanna. Árgjaldi jarða og lóða, sem talið er í landaurum, skal breytt í peninga við útreikning þennan og skal tekið meðaltal af meðalalin 5 árin næstu undan ófriðnum mikla. Þó skal ekkert endurgjald koma fyrir lóðir við innri höfn sunnan og vestan 90 metra á land frá stórstraumsflóði; að norðanverðu ræður Heimaklettur, en Eyði fylgir alt. Þessar landsspildur skulu falla til hafnarsjóðs endurgjaldslaust.

3. gr.

Andvirði það, sem ákveðið er í 2. gr., skal greiðast í skuldabréfum til rikissjóðs, útgefnum af bæjarsjóði, þannig, að það greiðist með 7% af upphæðinni á ári í vexti og afborgun, og er að fullu greitt á þann hátt á 28 árum.

4. gr.

Ætíð skal byggja jarðir, þurrabúðarlóðir og land til ræktunar í lífsábúð, en aðrar lóðir um ákveðinn tíma, sem aldrei má fara fram úr 99 árum.

5. gr.

Byggingarbrjef og leigusamninga gera bæjarfógeti og oddviti bæjarstjórnar, en stjórnarráðið skal staðfesta alla samninga.

6. gr.

Árgjöld fyrir jarðir, þurrabúðir og land til ræktunar skal ákveðið í landaurum, en fyrir aðrar lóðir í peningum.

7. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja skipar nefnd árlega, er gefa skal álit um alla samninga áður en þeir eru staðfestir.

8. gr.

Nú er lóð, sem ekki er til lífsábúðar, leigð til lengri tíma en 10 ára, þá skal ákveða árlegt gjald á 5 ára fresti.

9. gr.

Eign Vestmannaeyjakaupstaðar í Vestmannaeyjajörðum og lóðum má aldrei selja einstökum mönnum eða fjelögum eða á neinn hátt afhenda gagnstætt lögum þessum eða reglugerð. er sett verður samkvæmt þeim, en kaupa má rikissjóður eignina, ef hann vill, en þó að eins með lagabóði.

10. gr.

Með reglugerð, sem bæjarstjórn semur og stjórnarráðið staðfestir, skal ákveða afgjald jarða, lóða, hverrar tegundar fyrir sig, og má þá og taka tillit til legu lóðar og annars, sem gerir hana meira eða minna hagkvæma til þess, sem hún á að notast til. Reglugerð þessi skal endurskoðuð á minst 5 ára fresti.

11. gr.

Lög þessi ná ekki til eigna einstaklinga, hvort er regluleg eign eða önnur rjettindi.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924.

Greinargerð.

Það virðist ekki ósanngjarnt, að eitthvað af þeirri verðhækkun, sem orðið hefir og væntanlega verður á lendum og lóðum í Vestmannaeyjum, lendi hjá bæjarsjóði, enda sýnt, að verðhækkun þessi lendir annars, eins og hingað til, hjá einstökum mönnum, enda þótt þeir hefðu ekkert til þess unnið, sbr. gömlu erfðafestulóðirnar, sem miðað við núgildandi verðmæti lóðanna er mjög lágt, jafnvel hlægilega, t. d. dýrasta lóðin er leigð um aldur og æfi fyrir 40 kr. og 50 aura. Búast mætti við, að þessu yrði yfirleitt kipt í iag með lögum þessum, og svo fengi stjórnarráðið það yfirlit yfir alla stjórn umbodsins, sem hingað til er mjög erfitt að hafa.